



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 5. mars 2003  
ÁBS/KSG/018/03

### Umsögn um tillögu til þingsályktunar um könnun á umfangi fátæktar, 51. mál

Tryggingastofnunin getur tekið undir mörg þeirra sjónarmiða sem fram koma í tillögunni. Það hlýtur að teljast brýnt verkefni að skilgreina orsakir og afleiðingar fátæktar á Íslandi og að kanna stærð þess hóps sem hefur tekjur undir því lágmarksviðmiði sem nauðsynlegt er til að eiga fyrir brýnustu nauðpurftum.

Vitað er að í hópi þeirra sem lökust hafa kjörin hér á landi eru m.a. skjólstæðingar Tryggingastofnunar, einkum lífeyrisþegar sem ekki hafa áunnið sér réttindi til greiðslna úr lífeyrissjóðum eða hafa lágar greiðslur þaðan. Þessi hópur býr oft á tíðum við afar kröpp kjör þar sem bætur almannatrygginga duga ekki alltaf til framfærslu, einkum og sér í lagi ef viðkomandi þarf að leigja sér húsnæði eða býr við þunga greiðslubyrði af öðrum orsökum.

Segja má að það öryggisnet sem lífeyrisþegar á Íslandi búa við sé þrjúþætt. Í fyrsta lagi er um að ræða greiðslur lífeyrissjóða sem fara ört vaxandi. Í öðru lagi er um að ræða lífeyrisgreiðslur frá hinu opinbera og í þriðja lagi félagslega aðstoð sveitarfélaga. Þessir þættir spila mjög saman og hafa áhrif hver á annan. Þannig skerða greiðslur úr lífeyrissjóðum allar tekjutengdar greiðslur lífeyristrygginga ef frá er talinn grunnlífeyrir. Á sama hátt geta greiðslur lífeyristrygginga (og eftir atvikum lífeyrissjóða) komið í veg fyrir að viðkomandi eigi rétt á félagslegri aðstoð frá sínu sveitarfélagi. Í þessu sambandi má einnig benda á það að atvinnuleysisbætur geta skert tekjutengdar bætur almannatrygginga en að sama skapi hafa lífeyrisgreiðslur, bæði frá lífeyrissjóðum og grunnlífeyrir almannatrygginga, áhrif á fjárhæð atvinnuleysisbóta.

Orsakir fátæktar geta verið margvíslegar en fullyrða má að það samspil bóta og skerðingaráhrif þeirra á hverjar aðrar, sem nefnt er hér að framan, stuðlar frekar að fátækt en hitt. Tryggingastofnun ríkisins er þeirrar skoðunar að með því að draga úr þessu samspili verði komið betur til móts við hina tekjulægstu í þjóðfélaginu.

Virðingarfyllst,

Karl Steinar Guðnason  
forstjóri